

Langanesbyggð
Arnar Birgir Ólafsson
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn

Garðabær, 27. september 2024
Málsnúmer: 202409-0013
MH

Efni: Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007–2027 og nýs deiliskipulags að Skeggjastöðum í Bakkafirði

Vísað er til erindis Langanesbyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 6. september 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007–2027 og nýs deiliskipulags verslunar- og þjónustusvæðis að Skeggjastöðum í Bakkafirði. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu gistireksturs og annarrar ferðaþjónustu þar sem heimilt verður að reisa allt að átta hýsi til útleigu fyrir ferðamenn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguina. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar einkennist svæðið af mólendi en vítt og breytt um svæðið er einnig að finna talsvert votlendi, þá einkum starungsmýravist, en einnig virðast vera nokkrir litlir blettir af runnamýravist á láglandi. Báðar þessar votlendisvistgerðir hafa mjög hátt verndargildi, eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og eru forgangsvistgerðir við val svæða á B-lista náttúruminjasráðs. Mólendið er fyrst og fremst fjalldrapamóavist, sem hefur miðlungshátt verndargildi, en inn á milli eru lyngmóavist á láglandi, língresis- og vingulsvist og grasmóavist sem hafa hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun, sem reyndist miserfitt eftir vistgerðum, og því eru upplýsingar sem kortið veitir ekki óbrigðular. Því þarf að hafa fyrirvara á um útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi þegar kortið er skoðað í meiri nákvæmni en mælikvarði þess leyfir. Náttúrufræðistofnun leggur til að við skipulagsvinnuna verði kannað hvort votlendi sé að finna á skipulagssvæðinu og ef svo er ætti að forðast röskun á því eins og kostur er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur